

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 198 21. apríl 1989, um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

23. maí 1989

Nr. 262

REGLUGERÐ

fyrir heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, Hveragerði.

1. gr.

Stofnunin er hjúkrunar- og endurhæfingarheimili sem vistar sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina og þarfnast meðferðar. Meðferð skal m.a. fólgin í heilsurækt og heilsuverndarstarfi í fyrirbyggjandi tilgangi.

Heilsuhælið er eign Náttúrulækningafélags Íslands en rekið sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

Stjórn heilsuhælisins er skv. gr. 30.2. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þannig skipuð, að starfsmannaráð heilsuhælisins kys einn stjórnarmann, bæjarstjórn Hveragerðis einn mann og N.L.F.Í. þrjá menn. Fulltrúar bæjarstjórnar Hveragerðis og N.L.F.Í. mega ekki vera starfsmenn stofnunarinnar. Um kjörtímabil stjórnarmanna ákveða þeir, sem þá kjósa. Þó skal enginn kosinn til lengri tíma en 4ra ára í senn.

3. gr.

Varastjórnendur skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

4. gr.

Stjórn heilsuhælisins skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar 2 stjórnarmenn óska þess. Fjöldi atkvæða ræður útslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Fundur er lögmætur, ef meirihluti stjórnar situr fund.

5. gr.

Stjórn heilsuhælisins ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra, yfirlækni og sérfræðinga í samráði við stjórn N.L.F.Í. og skv. l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu sbr. 30. og 31. gr.

Um verkaskiptingu milli yfirlæknis, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra fer skv. 29. gr. laga nr. 59/1983.

6. gr.

Framkvæmdastjóri ræður annað heilbrigðisstarfsfólk en um getur í 5. gr. í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra, eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk heilsuhælisins. Um kjör starfsfólks fer eftir gildandi kjarasamningum eins og þeir eru á hverjum tíma.

7. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar heilsuhælisins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Heilsuhælisstjórn skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir heilsuhælið. Slík áætlana-gerð skal ávallt vera gerð a.m.k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánú samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

9. gr.

Stjórn N.L.F.Í. tekur ákvarðanir um allar fjárfestingar, sem opinber framlög hrökkva ekki fyrir, svo og um allar meiri háttar breytingar á rekstri heilsuhælisins að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneyti, landlækni og héraðslækni. Að öðru leyti skal stjórn heilsuhælisins sjá um að rekstrarútgjöld heilsuhælisins séu innan þeirra marka, er tekjur leyfa.

10. gr.

Reikningsár heilsuhælisins er almanaksárið. Reikningar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skulu lagðir fyrir stjórn N.L.F.Í., til samþykktar.

11. gr.

Póknun fyrir stjórnarstörf heilsuhælisstjórnar úrskurðar stjórn N.L.F.Í. og skal hún vera í samræmi við svipaðar greiðslur á vegum ríkisins.

12. gr.

Um heilsuhælið gilda að öðru leyti og eftir því sem við á lög og reglugerðir um heilbrigðisstofnanir, svo sem ákvæði um eftirlit, skýrslugerðir og geymslu sjúkragagna.

13. gr.

Verði heilsuhælið lagt niður renna eignir þess til Náttúrulækningafélags Íslands, ef það félag er starfandi og ríkissjóðs í hlutfalli við framreiknuð fjárfestingarframlög, en að öðrum kosti til ríkisins.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 24. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, öðlast þegar gildi. Hún tekur hins vegar ekki til stofnunar eða slita eldri ráðningarsamninga eða fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn N.L.F.Í. hefur löglega gert samkvæmt samþykktum félagsins. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 452/1978, með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.